



Forsætisráðuneytið
Samráðsgátt Ísland.is
Mál nr. S-115/2019

Reykjavík 14. maí 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um landsrýniskýrslu verkefnastjórnar stjórnvalda um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um landsrýniskýrslu verkefnastjórnar stjórnvalda um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Barnaheill þakka fyrir tækifærið að fá að eiga samráð um landsrýniskýrslu um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna fyrir íslensk stjórnvöld.

Að mati samtakanna lítur verkefnið vel út og virðist metnaðarfullt. Barnaheill telja þó rétt að benda á og hvetja til þess að heimsmarkmið 16.2: „Tekið verði fyrir misnotkun, misneytingu, mansal og hvers kyns ofbeldi gegn börnum og pyntingar verði upprættar.“ verði bætt við sem einu af forgangsmarkmiðum íslenskra stjórnvalda. Barnaheill telja þetta undirmarkmið óskaplega mikilvægt sem hluti af þeirri heildarsýn sem forgangsmarkmið Íslands eru og eiga að vera. Íslenska ríkið hefur bæði ríkar skyldur til að framfylgja þessu heimsmarkmiði á Íslandi og getur jafnframt haft mikil áhrif út í alþjóðasamfélagið með því að búa vel að börnum og gera allt sem í valdi þess stendur til að koma í veg fyrir ofbeldi gegn börnum.

Ofbeldi gegn börnum er ágætlega gerð skil í landsrýniskýrslunni en hins vegar er heimsmarkmið 16.2 ekki nefnt sem eitt af forgangsmarkmiðunum. Það sendir skýr skilaboð til umheimsins ef Ísland hefur vernd barna gegn ofbeldi sem eitt af sínum forgangsmarkmiðum.

Barnaheill hvetja verkefnastjórnina til að bæta heimsmarkmiði 16.2 við forgangsmarkmið íslenska ríkisins við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og leggja sérstaka áherslu á vernd barna gegn ofbeldi. Samtökin hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og viðauka hans að leiðarljósi í öllu sínu starfi.